

um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og afhendingu Eiðaeignar til landssjóðs.

(Afgreidd frá Ed. 22. ágúst.)

1. gr.

Á Eiðum skal stofnaður alþýðuskóli með 2 bekkjum, fyrst um sinn, og miðaður við 2—3 vetra nám. Skal hann samskóli, jafnt fyrir konur sem karla.

Jafnframt leggja Múlasýslur niður búnaðarskóla þann, sem þar hefir verið, og afhenda landssjóði eignir hans allar fastar og lausar, Eiðastólseignir, skólabú, búsaðhöld og byggingar, ásamt skuldum þeim og kvöldum, sem á eigninni hvíla og Múlasýslum hennar vegna á afhendingardegi. Afhending fer fram í fardögum 1918 og eftir ákvörðun sameiginlegs sýslufundar Múlasýslna 2. júlí 1917.

Skilyrði fyrir afhendingunni er, að landssjóður starfræki framvegis á Eiðum, eða á öðrum hentugum stað í Múlaþingi, vel út búinn æðri alþýðuskóla, er samsvari kröfum tímans.

2. gr.

Skólinn skal að öllu rekinn á kostnað landssjóðs, enda setji landsstjórnin honum starfsreglur og hafi hans öll ráð.

3. gr.

Kenslugreinar skulu fyrst um sinn þessar: Íslenska, saga, stærðfræði, náttúrufræði, náttúrusaga, landafræði, fjelagsfræði, bókhald, hegð, söngur, fimleikar. Auk þess skulu nemendur eiga kost á tilsögn í ensku og dönsku.

Enn fremur skal haust og vor haldið búnaðarnámskeið við skólann 3—4 vikur og fyrirlestraskeið um 8 daga nær miðjum vetri fyrir almenning.

Á búnaðarnámskeiðunum skal einkum lögð áhersla á jarðrækt og hússtjórn.

4. gr.

Tveir fastir kennarar skulu skipaðir við skólann, skólastjóri með 2600 króna og aðstoðarkennari með 2000 króna árslaunum.

Hvortveggi hafi leigulausa íbúð með hita og ljósi, enda takmarki þær í-búðir eigi um of húsrúm skólans.

Auk þessa skal sjeð fyrir nauðsynlegri tímakenslu og búnaðarkenslu við námskeiðin haust og vor, annað hvort með aðstoð forstöðumanns gróðrarstöðvar þeirrar, sem á Eiðum er, eða á annan veg.

5. gr.

Skólaárið telst frá 20. október til 10. maí, en búnaðarnámskeiðin á undan og eftir. Frjálst skal nemendum skólans að sleppa búnaðarnámskeiðunum eftir vild; eins skal utanskólamönnum heimilt að nota þau, þegar þeir geta komist að vegna reglulegra nemenda.

6. gr.

Burtfararpróf skal haldið í lok hvers skólaárs fyrir þá, sem lokið hafa námi, og eiga þeir heimtingu á prófskírteini um kunnáttu í öllum skyldunámsgreinum. En sjerstakar einkunnir skal gefa um kunnáttu í útlendum tungumálum og um búnaðarþekkingu, ef óskað er.

Ákvæði til bráðabirgða.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. júní 1918, að lokinni afhendingu Eiðastóls-eignar, svo sem segir í 1. gr. Þó skal landsstjórninni heimilt, meðan heimsstyrjöldin stendur, að reka skólann á hvern þann hátt, sem hentast þykir, eða jafnvel að láta kenslu að einhverju leyti niður falla.